



Áveitan

11. tbl. 16. árgangur. Nóvember 2022

TÓNAHÁTÍÐ Í FLÓAHREPPI

Tónleikar í Félagsslundi

Gítar & Fiðla

spila íslensk stuðlög í bland við írsku stemningu

Nóvember

11.

2022

Föstudagskvöld kl. 21:00

HÚSIÐ OPNAÐ KL. 20:00

LÉTLAR, VEFINGAR, TIL SÖLU

Aldurstakmark 18 ár

MÍÐAVERÐ KR. 3.500.-

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK / TÓNAHÁTÍÐ Í FLÓAHREPPI
OG INSTAGRAM / MENNING I FLOA



MÍÐAPANTANIR Í SÍMA / SMS:

HARPA: S. 848 7713

RÚNAR: S. 898 1535

SIGRÚN: S. 862 1574

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar.



Í haust hafa verið töluverðar framkvæmdir við Flóaskóla og á skólalóðinni. Í Flóaskóla var farið í lagfæringar á þakglugga og gengið hefur verið frá þeim hluta skólabyggingarinnar sem tengdist gamla hlutanum sem var rifinn í ágúst. Í Þjórsárveri hefur verið skipt um nokkra glugga og á skólalóðinni má nú sjá ærslabelg sem er vel nýttur af skólabörnum og öðrum sem eiga leið um. Framundan er svo að koma upp nýjum körfum á körfuboltavöllinn ásamt því að sett verður upp frísbíggjbraut.

Í október var Andri Þór Erlingsson ráðinn í hlutastarf sem í félagsheimilum hjá sveitarfélaginu og mun hann starfa náið með húsverði í Þingborg ásamt umsjónarmanni fasteigna en sinna að mestu húsvörslu við Félagslund til að byrja með.

Töluverð útleiga hefur verið á Þingborg og Félagslund þáð sem af er ári. Þjórsárver er vel nýtt alla skóladaga sem mótuneyti ásamt því að hýsa félagsmiðstöð. Mikilvægt er að sveitarfélagið fái inn tekjur af útleigu til að standa straum af kostnaði við rekstur og viðhald félagsheimilanna. Íbúar eru hvattir til að láta vita af góðum hugmyndum um enn frekari nýtingu allt árið um kring. Ingibjörg Einarsdóttir tekur við þöntunum og fyrirspurnum vegna félagsheimilanna en einnig má hafa samband við skrifstofu Flóahrepps.

Ungmennafélagið Þjótandi og Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi standa saman að dansnámskeiði á mánudagskvöldum í Þingborg. Frábær þátttaka er á námskeiðinu en yfir 30 manns skráðu sig á námskeiðið sem lýkur nú í nóvember.

Tónahátíð verður haldin í Félagslund þann 11. nóvember. Þar munu Gítar og Fiðla spila íslensk stuðlög í bland við írska stemmningu. Tónahátíð hefur verið árviss og velsóttur menningarviðburður sem

haldinn er af sveitarfélaginu Flóahreppi en skipulag og framkvæmd er í höndum íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar sveitarfélagsins.

Eins og áður hefur komið fram þá verða breytingar á lögum um úrgangsmál um næstu áramót. Flóahreppur leitaði til ungmennafélagsins Þjótanda um samvinnu við að keyra út nýjar sorptunnur sem tengist þessum breytingum. Íbúar gætu því átt von á því að sjá ungt og öflugt fólk á ferðinni í nóvember með nýja tunnu ásamt nýjum merkingum á þær tunnur sem fyrir eru.

Frágangur við göngustíga, útsýnispalla og bílaplan við Urriðafoss er nú á lokametrunum. Eg vil hvetja íbúa til að gera sér ferð í góðu veðri til að sjá hversu góð aðstaðan er að verða við fossinn sem er mikið sóttur alla daga af ferðamönnum.

Vegagerðin hefur sinnt haustheflun síðustu vikunnar ásamt því að bera mól í ákveðna vegkafla. Mikilvægt er að þrýst sé áfram á umbætur í samgöngukerfinu í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn og stjórnendur innan sveitarfélagsins vinna áfram að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 og næstu ár þar á eftir. Það er að ýmsu að huga við gerð fjárhagsáætlunar og er það eitt af hlutverkum sveitarstjórnar að ráðstafa fjármagni á ábyrgan hátt og framfylgja eftir bestu getu þeim lögbundnu verkefnum sem sveitarfélögum eru falin.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Tilkynning frá Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum.

6. nóvember. Messa í Villingaholtskirkju kl. 13.30. Þjóðbúningamessa, hvetjum alla sem eiga þjóðbúning síns lands að koma í þeim til kirkju. Að lokinni messu verður messukaffi í Þjósárverri, svokallað „Pálínuboð“, þar sem allir koma með veitingar með sér á kaffiborðið. Villingaholtskirkja er 110 ára í ár. Prestur er sr. Gunnar Jóhannesson, organisti er Guðmundur Eiríksson, kór Hraungerðis og Villingaholtskirkna syngur.

4. desember, annar sunnudagur í aðventu. Aðventuhátíð í Hraungerðiskirkju kl 20.00. Sameiginleg aðventuhátíð fyrir Villingaholtssókn og Hraungerðissókn. Prestur sr. Arnaldur Bárðarson, organisti Guðmundur Eiríksson, kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngur.

Hrossaræktarferð

Hrossaræktarfélag Flóahrepps ætlar að fara í hrossaræktarferð laugardaginn 5. nóvember næstkomandi. Farið verður á 3 tamningastöðvar í Rangárþingi og endað á að borða saman á veitingastað á Hvolsvelli í lok dags.

Farið verður af stað kl. 11:00 frá Þingborg. Reiknað er með að komið verði til baka milli 20:00 og 21:00 á upphafsstað.

Áætlaður kostnaður per mann er milli 3.000 og 4.000 krónur (fer eftir skráningu) og að auki borgar hver fyrir sig mat og drykk. Stjórnin er að athuga með tilboð í hópamatseðil.

Skráning í ferðina fer fram hjá Atla Geir í síma 898-2256 (símtal eða sms) og Ágústi Inga í síma 899-5494 eða á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com. Skráningu lýkur kl. 12:00 fimmtudaginn 3. nóvember, eru félagsmenn þó hvattir til að skrá sig sem fyrst til að auðvelda skipulagningu.

Stjórn HRF

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Frá Flóaskóla

Í októbermánuði hefur eitt og annað verið á döfinni í skólastarfinu hér hjá okkur í Flóaskóla. Í byrjun mánaðar var settur upp ærslabelgur á skólalóðinni. Hann hefur vakið mikla lukku og eru nemendur alsælir með þessa góðu nýjung.



Fimmtudaginn 6. október hlupu nemendur í Olympíuhlaupi ÍSÍ sem er árlegur viðburður. Alls tóku 96 nemendur þátt í hlaupinu og hlupu þeir samtals 600 km.

Dagana 13. og 14. október fór skólinn í haustfrí líkt og flestir skólar á Suðurlandi og ekki annað að heyra en að almenn ánægja hafi verið með það.

Undanfarið höfum við fengið listasmiðjur á vegum Listasafns Árnesinga í heimsókn. Verkefnið sem nemendur hafa tekist á við hafa verið fjölbreytt og má þar nefna, uppnýtt hönnun-endurnýting efniviðs með sjálfbærni að leiðarljósi. Textíl smiðja þar sem nemendur finna möguleika á því að endurnýta gamlar flíkur. Stop motion smiðja verður í byrjun nóvember þar sem nemendur búa til kyrrmyndir á fjölbreyttan máta. Í lok mánaðar fengum við kennaranema í heimsókn til okkar sem fékk að kynna starfinu í Flóaskóla.

Þessa dagana stendur svo yfir danskennsla þar sem Jón Pétur danskennari stjórnar dagskránni. Danskennslunni lýkur með danssýningu fimmtudaginn 3. Nóvember kl. 13:20 og eru forráðamenn boðnir velkomnir.



Fjáröflunarverkefni fyrir ungmenni í Flóahreppi

Ungmennafélagið Þjótandi hefur tekið að sér að dreifa nýjum flokkunartunnum á um 200 heimili í sveitarfélaginu.

Verkið snýst um að keyra heim á bæi, festa hjól og lok á tunnurnar og merkja þær með límmiðum.

Ungmendum á framhaldsskólaaldri, 16-20 ára, er hér með boðið að vinna verkið gegn greiðslu. Um er að ræða ágæta tekjuöflun fyrir duglega einstaklinga, en fyrir hverja tunnu munu 500 krónur renna til Þjótanda og 2000 krónur skiptast á þá sem taka verkið að sér.

Þetta verður unnið á tveimur helgum, 12.-13. nóvember, og 19.- 20. nóvember. Tveir til fjórir einstaklingar verða hvern dag. Byrjað verður að vinna kl 9:00 og þar til dagsverkinu er lokið, u.þ.b. 50 tunnur. Bíll og kerra frá sveitarfélaginu verða nýtt í verkið.

Nánari upplýsingar og umsóknir eru hjá Fanneyju í síma 892-4155, eða á netfangið fanneyo80@gmail.com

Áhugasamir hafi samband sem allra fyrst. Koma þarf fram nafn, kennitala og hvaða dag/daga viðkomandi vill vinna.



FLÓAHREPPUR



Meistaramót Þjótanda í skák

Meistaramót Þjótanda í skák verður haldið í Flóaskóla sunnudaginn 13. nóvember kl 13-15. Keptt verður í Opnum flokki og Meistaraflokki.

Opni flokkurinn er hugsaður fyrir yngri keppendur og þá sem ekki hafa mikla reynslu af skák. Nauðsynlegt er þó að kunna leikinn vel og geta notað skákklukku.

Meistaraflokkurinn er fyrir vant skákfólk, og sigurvegari í flokknum verður krýndur Skákmeistari Þjótanda 2022. Opið er fyrir gestaþátttöku en gestir tefla þó ekki til verðlauna.

Teflt verður eftir öllum hefðbundnum skákreglum í báðum flokkum og verður umhugsunartími 10 mínútur á mann í hverri umferð.

Mótið er fyrir allan aldur og eru sem allra allra flestir hvattir til að mæta. Boðið verður upp á kaffi, djús og skúffuköku og í lok móts verða afhent verðlaun.

Nauðsynlegt er að skrá sig fyrirfram og rennur skráningarfrestur út laugardaginn 12. nóvember. Árni Geir Hilmarsson tekur við skráningum á netfangið arni@floaskoli.is



RÓSEY EHF

Ægisíðu 4, Hellsu

(Gula húsið vestan við brúna)

Smíðum allar gerðir af háþrýsti- og lágþrýstislöngum.

Gerum við ventlakistur - dælur, mótora og tjakka.

Allt fyrir glussakerfið. Útvegum allt í vökvakerfi.

Opið frá kl. 08 - 18 mánud. - fimmtud. - Föstud. frá kl. 08 - 16

Sími 537 0754 - 835 0754

rose@rose.is - (Þjónusta fyrir utan opnunartíma, sími 835 0754)

Dagskrá mánaðarins

Danssýning í Flóaskóla	3. nóvember
Ferð Hrossaræktarfélagsins	5. nóvember
Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju	6. nóvember
Glímuæfingar í Félagslundi	7. nóvember
Æfingar í Þingborg	8. nóvember
Tónahátíð í Flóahreppi, tónleikar í Félagslundi	11. nóvember
Fjáröflunarverkefni Umf. Þjótanda	12.-13. nóvember
Meistaramót Þjótanda í skák	13. nóvember
Glímuæfingar í Félagslundi	14. nóvember
Æfingar í Þingborg	15. nóvember
Fjáröflunarverkefni Umf. Þjótanda	19.-20. nóvember
Glímuæfingar í Félagslundi	21. nóvember
Æfingar í Þingborg	22. nóvember
Glímuæfingar í Félagslundi	28. nóvember
Æfingar í Þingborg	29. nóvember



Nemendur Flóaskóla skemmta sér á ærslabelgnum.